

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Kjarnaskóg – gróðrarstöð.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 24. nóvember 2021 breytingu á deiliskipulagi fyrir Kjarnaskóg – gróðrarstöð.

Breytingin felur í sér stækkun á byggingarreit D um 610 m² og lítilsháttar minnkun á aðliggjandi athafnasvæði vestan við núverandi byggingarreit. Þá eykst hámarksbyggingarmagn innan reitsins um 400 m² og hámarkshæð bygginga breytist úr 6 m í 7 m. Staðsetning innan byggingarreits er frjáls.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 28. desember 2021,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 12. janúar 2022